

Á Arnarstapa 19. júlí 1953.

Virðulegu samkomugestir.

Ungmennasamband Skagafjarðar og Stephans G. nefndin bíður ykkur öll velkomin til þessara hátíðahalda í dag.

Margar ástæður gætu legið til þess að við nú fjölmennum hér á Arnarstapa. Sú, að hér blasir við augum okkar eitt fegursta hérað þessa lands, væri ærin nóg til þess að eiga hér sameiginlega dagstund og njóta þess víðsýnis og þeirrar fegurðar vítt yfir héraðið, sem staðurinn hefur að bjóða.

Tilfni þessa mannfagnaðar er þó ekki þetta, heldur erum við fyrst og fremst komin hingað til þess að minnst þess að nú eru senn liðin hundrað ár frá fæðingu íslendingins og skáldsins Stephans G. Stephanssonar, en hér í næsta nágrenni fæddist hann og var uppallinn. Hingað, á Arnarstapann hafa spor hans vafalaust tíðum legið. Af stapanum hefir hann horft yfir hérað sitt - út í víðsýnið - út í óráðna framtíð. Við erum í dag komin hingað til þess að minnst Stephans G. Stephanssonar með því að afhjúpa minnisvarða þann er honum hefur verið reistur á askuslóðum hans.

Ég mun nú í stórum dráttum lýsa tildrögum þess að minnisvarðinn er nú risinn af grunni og fullgerður, og rækja stærstu sporin, sem liggja til þess, að svo miklu leyti sem mér eru þau kunn og viðkoma Ungmennasambandi Skagafjarðar.

Sumarið 1945 héldu ungmennafélög héraðsins sameiginlega kynningar og skemmtisamkomu á hinum sögufræga ~~stærri~~ þingstað Litla - Garði í Hegranesi. Margt ungra manna og kvenna var þar samankomið, naut sumarblíðunnar, hlýddi á raður manna og rifjaði upp sagnir af atburðum liðins tíma. Enda þótt það séu algild sannindi að ungu fólki beri að horfa fram á við og setja sér takmörk að stefna að, er hitt þó engu að síður nauðsynlegt að líta stundum um öxl til þess að læra af horfna hópsins striti lífsspeki og lífssannindi þau, er aldir og ár hafa eftir skilið verandi og komandi kynslóðum til lærdóms og eftirbreytni.



Einn þeirra er fluttu mál sitt á þessum fundi var Eyþór Stefánsson tónskáld frá Sauðárkróki. Talaði hann um skáldið Stephan G. Stephansson og bar fram þá tillögu að Ungmennasamband Skagafjarðar hefði forgöngu um það að honum yrði reistur minnisvarði varði í Skagafirði. Minnisvarðian skyldi fullgerður eigi síðar en á aldarafmæli skáldsins 1953.

Tillaga þessi fékk þá þegar ágætar undirtektir og góðann hljómgrunn meðal ungmennafélaga og annarra Skagfirðinga utan héraðs og innan.

Á aðalfundi Ungmennasambandsins 1946 var málið rætt all ýtarlega og kosin nefnd þriggja manna til þess að vinna að frekari undirbúningi og framgangi þess. Formaður nefndarinnar var kjörinn Eyþór Stefánsson, og aðrir nefndarmenn þeir Óskar Magnússon bóndi Brekku og Guðjón Ingimundarson Sauðárkróki.

Semkvæmt ákvörðun fundarins hóf nefndin störg sín með því að leita tillagna Rikarðs Jónssonar myndhöggvara um gerð minnisvarðans og tilhögun alla. Tók hann málaleitan þessari með séret stakri vinsemi.

Á vegum nefndarinnar kom Rikarður Jónsson norður í Skagafjörð til þess að kynna héraðinu og staðhættum hér. Áð þessum athugunum loknum gerði hann tillöguteikningar að gerð minnisvarðans, og líkan eftir þeirri teikningu, er best þótti.

Þegar hér var komið, lagði nefndin tillögur sínar um framkvæmdir fyrir aðalfund Ungmennasambandsins, sem haldinn var á Sauðárkróki 24. apríl 1948, og ákvað sá fundur endanlega að minnisvarðinn skyldi reistur á Arnarstapa og byggður eftir líkani því er Rikarður Jónsson hafði gert að honum. Fundurinn kvatti ungmennafélögin til fjáröflunar til framgangs málefni þessu og lagði kærzlu á að hverskonar stuðningur og fjárframlög væru þakksamlega þegin.

Ungmennafélögin hófu nú fjáröflun á ýmsan hátt. Nokkur þeirra lögðu fram fé úr félagssjóðum, en önnur efndu til skemmtanahalds í sama skilgangi. Kom brátt í ljós að margir höfðu áhuga fyrir því að leiða þetta mál farsællega til lykta og á örugga höfn. Þá hóf nefndin útgáfu silfurmerkja og hófst sala þeirra á árinu 1951. Byggði nefndin helztu vonir sínar um fjáröflun á sölu þeirra, enda hafa þau gefið góða raun. Enn munu þau verða til



sölu um nokkurt skeið.

Allur undirbúningur að byggingu minnisvarðans hefur að sjálfsögðu tekið alllangan tíma og verið margþættur. Á þessum átta árum, sem liðin eru síðan minnisvarðamálinu var fyrst hreyft innan samtaka ungmennafélaganna, hafa margir hlutir, sem hér verða ekki nefndir, gerzt. Á þessum árum hefur Ríkarður Jónsson komið nokkrum sinnum hingað norður til þess að leita að grjóti í varðann og taka ýmsar ákvarðanir um framkvæmdir vaxsins og margt annað mætti auðvitað telja en verður ekki gert að sinni.

Framkvæmdir við byggingu minnisvarðans hófust 23. júní s.l. og hefur síðan verið unnið við uppbyggingu hans af miklum dugnaði og hagsýni, og er þessu verki nú að fullu lokið.

Ég vil þessu næst nefna nöfn nokkurra þeirra, sem á einn eða annan hátt hafa unnið að lausn málsins.

Stephans G nefndin er nú þannig skipuð að Eypór Stefánsson er enn sem fyrr formaður hennar. Hafa störfin að sjálfsögðu mest á honum mætt. Aðrir nefndarmenn eru þeir Óskar Magnússon og Guðjón Ingimundarson og hafa þeir báðir átt sæti í nefndinni frá upphafi. Auk þeirra eiga nú sæti í nefndinni þeir Hróbjartur Jónasson múrarameistari á Hamri og Magnús Gíslason bóndi á Frosta-stöðum. Ólafur Sigurðsson bóndi á Hellulandi átti sæti í nefndinni um nokkurt skeið og Gísli bóndi Stefánsson í Mikley var einn nefndarmanna frá því 1950 til vors 1953 er hann lézt.

Þar sem allir nefndarmenn eru og hafa verið búsettir í héraðinu, en margháttada þjónustu og fyrirgreiðslu hefur þurft að inna af höndum í Reykjavík, fékk nefndin Kára Sigurðsson forstjóra í Reykjavík sér til aðstoðar og samstarfs. Hefur um margt verið til hans leitað og jafnan verið leyst úr því með festu og fyrirhyggju.

Ríkarður Jónsson myndhöggvari hefur haft mestan veg og vanda af gerð minnisvarðans og mynda þeirra er á honum eru. Enda hefur nefndin alla tíð haft hann sér til ráðuneytis um ýmsa hluti, svo sem um gerð merkja þeirra, er fyrr voru nefnd.

Hróbjartur Jónasson múrarameistari og menn hans hafa, að fyrirsögn Ríkarðs Jónssonar, hlaðið varðann upp af stakri kostgæfni og vandvirkni svo að hvergi virðast mistök á. Þeir hafa haft skamman tíma til verksins og því unnið langa og stranga



vinnudaga.

Ymsir hafa orðið til þess að veita málefni þessu fjárhagslegan stuðning, auk ungmennafélaganna. Má þar fyrst nefna Alþingi, sem veitti á síðustu fjárlögum 20 þús. króna framlag til þessa verks. Ber fyrst og fremst að þakka þingmönnum hér- aðsins þá fjárveitingu. Einnig veitti sýslunefnd Skagafjarðarsýslu 5 þús. kr. til minnisvarðans á síðasta aðalfundi sínum.

Vegagerð ríkisins hefur, að tilhlutan forsætisráðherra, góðfúslega lagt fram nokkurt fé til lagfæringar á umhverfi Arnarstapans, vegna þeirrar röskunar, sem vegagerð hér hjá stap- anum hafði orsakað.

Kvenfélag Seyluhrepps varð einna fyrst til þess að veita máli þessu stuðning með 1000 kr. gjöf til minnisvarðans. Er það eina félagið, auk ungmennafélaganna, sem slíkt hefur gert.

Síðast þessara stóru framlaga vil ég nefna dánargjöf þá, að upphæð 10 þús. krónur, sem Gísli heitinn Stefánsson gaf til þessa hugðarmáls síns, en hann átti sæti í nefndinni frá því 1950 og til dauðadags. Sýndi hann málefni þessu stíð sérstakan velvilja og áhuga, enda einþægur aðdáandi skáldsins.

Meðal þeirra mörgu er greitt hafa götu þessa máls með merkja- sölu og á ýmsan annan hátt er Dr. Richard Beck prófessor. Stóðu miklar vonir til þess að hann gæti orðið hér meðal okkar í dag, og söknum við þess að svo gat eigi orðið.

Öllum þeim, er hér hafa verið nefndir, og öðrum, sem á einn eða annan hátt hafa greitt götu þessa máls, vil ég fara alúðarfyllstu þakkir stjórnar Ungmennasambands Skagafjarðar fyrir vel og dyggilega unnin störf. Þá ósk vil ég fara þeim að hvert það verk, er þeir taka sér fyrir hendur að framkvæma, meigi verða af sömu dáð og af sama dugnaði unnið.

Ég hefi í stórum dráttum rakið tildrög þess að við nú fjöl- mennum hér. Einum áfanga - einu takmarki í starfi Ungmenna- samb. Skagafjarðar er náð. Stephani G. Stephanssyni hefur verið reistur minnisvarði á Arnarstapa. Ákveðnu verki er lokið og við fögnum því í dag.